



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

☎ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Bolungarvíkurkaupstaður  
Jóhann B. Helgason,  
sviðsstjóri umhverfissviðs  
Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík

Reykjavík, 25. júlí 2007  
Tilvísun: UST20070400074/sf

### **Breyting á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000, snjóflóðavarnir undir Traðarhyrnu**

Vísað er til bréfs Bolungarvíkurkaupstaðar dags. 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarnargarða undir Traðarhyrnu.

Skipulagstillagan tekur til um 22,5 ha svæðis í hlíðinni undir Traðarhyrnu og er samkvæmt tillögunni gert ráð fyrir að reisa snjóflóðavarnir til að verja innri hluta byggðarinnar í Bolungarvík. Snjóflóðavarnirnar samanstanda af um 700 m löngum þvergarði ofan við Stigahlíð og Traðarland og átta keilum ofan við garðinn. Gert er ráð fyrir minnkun íbúðarsvæða og óbyggðs svæðis en að opin svæði til sérstakra nota, merkt U4, stækki til austurs.


Unnið er að mati á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík og hefur frummatsskýrsla þegar verið auglýst. Umhverfisstofnun gaf umsögn um mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík með bréfi dags. 12. júní sl. Stofnunin taldi ekki líkur á að gerð snjóflóðavarna í Bolungarvík mundi hafa umtalsverð umhverfisáhrif á náttúrfar í för með sér. Stofnunin taldi að framkvæmdin mundi hafa í för með sér veruleg sjónræn áhrif og áhrif á landslag og að gera ætti grein fyrir hvernig draga mætti úr sjónrænum framkvæmdarinnar.


Umhverfisstofnun gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við framangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur en telur mikilvægt að við útfærslu og hönnun snjóflóðavarnanna verði kannaðar leiðir til að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra. Að mati stofnunarinnar ætti að fella

fyrirhugaðar snjóflóðavarnir eins vel að landi og mögulegt er án þess að virkni varnarmannvirkja skerðist.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Friðriksdóttir  
lagstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.